



## Fundargerð

Tilv. 1601006/1.7

Fundur: Grisjunarráð 2/2016.  
Dagsetning og tími: 10. febrúar 2016, kl. 12.  
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður  
Mættir: Allir mættir  
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjalasviðs

### Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar dags. 13. janúar 2016.
2. Grisjunarbeiðni Neytendastofu vegna Löggildingarstofu dags. 21. desember 2015 – fylgiskjöl bókhalds (frá síðasta fundi).
3. Grisjunarbeiðni Akureyrarkaupstaðar dags. 4. desember 2015 – klórskráning í Sundlaug Akureyrar.
4. Grisjunarbeiðni Akureyrarkaupstaðar dags. 4. desember 2015 – snjótroðaradagbækur Skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli.
5. Grisjunarbeiðni Akureyrarkaupstaðar dags. 14. desember 2015 – staðfestingarblöð leigutaka í skíða- og snjó Brettaleigu Skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli.
6. Umhverfisstofnun dags. 14. desember 2015 – hæfnispróf veiðimanna og próf fyrir umsækjendur skotvopnaleyfis.
7. Grisjunarbeiðni Sjúkratrygginga Íslands dags. 14. janúar 2016 – fylgiskjöl bókhalds (breyting á grisjunarheimild).
8. Tilkygning Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins dags. 30. október 2014 – tilkygning um úrelt tölvukerfi, ákvörðun um grisjun.
9. Grisjunarbeiðni Menntamálastofnun dags. 11. mars 2015 – Prófúrlausnir Pisa-prófa.
10. Grisjunarheimild Matís dags. 14. janúar 2015 – afturköllun grisjunarheimildar.

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

### **1. Samþykkt og undirritun fundargerðar dags. 13. janúar 2016.**

Fundargerð grisjunarráðs dags. 13. janúar 2016 samþykkt og undirrituð.



**2. Grisjunarbeiðni Neytendastofu vegna Löggildingarstofu dags. 21. desember 2015 – fylgiskjöl bókhalds (frá síðasta fundi) (málsnr. 1512048).**

Afgreiðslu málsins var frestað á síðasta fundi til að afla nánari upplýsinga um hvort óskað sé eftir heimild fyrir eyðingu á frumritum eða afritum launalista. Starfsmaður Neytendastofu hefur staðfest að um afrit launalista sé að ræða og frumrit séu varðveitt í Fjársýslu ríkisins.

Beiðnin var samþykkt. Neytendastofu er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds frá Löggildingarstofu sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn öll fyrrnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.

**3. Grisjunarbeiðni Akureyrarkaupstaðar dags. 4. desember 2015 – klórskráning í Sundlaug Akureyrar (málsnr. 1601065).**

Beiðnin var samþykkt. Akureyrarkaupstað er heimilt að eyða umbeðnum klórskráningarblöðum Sundlaugar Akureyrar þegar skjölin eru orðin fimm ára gömul.

**4. Grisjunarbeiðni Akureyrarkaupstaðar dags. 4. desember 2015 – snjótroðaradagbækur Skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli (málsnr. 1601066).**

Beiðnin var samþykkt. Akureyrarkaupstað er heimilt að eyða umbeðnum snjótroðaradagbókum Skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli þegar skjölin eru orðin sjö ára gömul.

**5. Grisjunarbeiðni Akureyrarkaupstaðar dags. 14. desember 2015 – staðfestingarblöð leigutaka í skíða- og snjóbrettaleigu Skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli (málsnr. 1601067).**

Beiðnin var samþykkt. Akureyrarkaupstað er heimilt að eyða umbeðnum staðfestingarblöðum í skíða- og snjóbrettaleigu Skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli þegar skjölin eru orðin sjö ára gömul.

**6. Umhverfisstofnun dags. 14. desember 2015 – hæfnispróf veiðimanna og próf fyrir umsækjendur skotvopnaleyfis (málsnr. 1512037).**

Beiðnin var samþykkt. Umhverfisstofnun er heimilt að eyða umbeðnum prófurlausnum þremur árum eftir próftökudag með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn prófurlausnir frá einu ári á tíu ára fresti fyrir ár sem enda á 0.

**7. Grisjunarbeiðni Sjúkratrygginga Íslands dags. 14. janúar 2016 – fylgiskjöl bókhalds (breyting á grisjunarheimild) (málsnr. 1601043).**

Beiðnin var samþykkt. Sjúkratryggingum Íslands er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn öll fyrrnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.



**8. Tilkynning Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins dags. 30. október 2014 – tilkynning um úrelt tölvukerfi, ákvörðun um grisjun (málsnr. 1409056).**

Ákveðið að fresta afgreiðslu og óska eftir nánari upplýsingum um gögnin og sýnishorn af gögnum úr kerfinu.

**9. Grisjunarbeiðni Menntamálastofnunar dags. 11. mars 2015 – Prófúrlausnir Pisa-prófa (málsnr. 1503013).**

Beiðnin var samþykkt. Menntamálastofnun er heimilt að eyða umbeðnum prófúrlausnum tveimur árum eftir próftökudag með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn prófúrlausnir frá einu ári á tíu ára fresti fyrir ár sem enda á 0.

**10. Grisjunarheimild Matís dags. 14. janúar 2015 – afturköllun grisjunarheimildar (málsnr. 1403048).**

Ákveðið að fresta afgreiðslu og óska eftir nánari upplýsingum.

Fundi slitið kl. 13:30

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)